

Dæmi um spurningar eftir flokkum

Orðskilningur: Spurningar snúa að merkingu einstakra orða eða orðasambanda sem koma fyrir í texta.

O1: Skilningur á stöku orði.

1. Samheiti við „bræði“ er __?__. (O1)

- fljótferni
- reiði *
- slysn

2. Hvað merkir orðið „vansæl“ sem bréfitari fann í orðabókinni? (O1)

- alsæl
- óhamingjusöm *
- vinsæl

O2: Skilningur á orðasambandi.

3. Orðasambandið að „ráðast í“ merkir að __?__. (O2)

- hefja framkvæmdir *
- vilja gera eitthvað
- þora að gera eitthvað

4. „... að þjófsaugu staldri aldrei við neitt.“

Hvað merkja undirstrikuðu orðin? (O2)

- horfa
- hreyfast
- stansa *
- stara

O3: Skilningur á setningu eða málsgrein.

5. „Kátur lét sér það í léttu rúmi liggja.“

Hvað þýðir setningin? (O3)

- Kátí fannst gaman að stríða.
- Kátí stóð alveg á sama. *
- Kátur var alltaf léttur á sér.

Grunnur lesskilningur: Spurningar snúa að efni sem kemur beint fyrir í texta, stundum orðrétt. Nákvæmnislestur og skilningur á efnisgrein.

G1: Spurt er orðrétt úr texta:

6. Hvað heitir staðurinn þar sem karlinn og kerlingin standa í dag? (G1)

- Drangavík *
- Húnaflói
- Kollafjöldur

7. Viðtakandi bréfsins er __?__ stúlkunnar. (G1)

- frænka
- kennari *
- vinkona

G2: Spurning byggir á einni setningu.

8. Hvað gerðu tröllin við það sem þau mokuðu upp? (G2)

- Þau bjuggu til eyjar. *
- Þau bjuggu til skyr.
- Þau fleygðu því upp á land.

9. Vinsælasta þrautin í þjálfun aðalsmanna krafðist __?__. (G2)

- hest *
- hugrekkis
- sverðs
- útsjónarsemi

G3: Tilvísun í persónu, hlut, atburð.

10. Þegar sólin kom fram __?__. (G3)

- byggði fuglinn hreiður
- flögraði fuglinn um
- létu býflugurnar í sér heyra *

11. „Og ég held að þetta hafi ekki haft nein áhrif á augun í okkur Arnari ...“ Til hvers vísar undirstrikaða orðið? (G3)

- augnaráðs Steina glæps
- sambands drengsins við afa
- vináttu strákanna
- þjófnaðar á timbri *

G4: Nákvæmnislestur.

12. Hvernig má þekkja karlinn frá kerlingunni á Dröngum? (G4)

- á hæðinni
- á staðsetningunni
- á vaxtarlaginu *

13. Skjaldsveinn var sá kallaður sem __?__. (G4)

- gat auðveldlega slegið stólpann til hliðar
- sendur var til vistar hjá aðalsmanni
- stundaði þjálfun til riddara *
- sýndi frækilega framgöngu í bardaga

Djúpur lesskilningur: Spurningar byggja á heilli efnisgrein, lestri á milli lína, ályktunum, lestri í tilfinningar fólks, túlkun á atburðum, hegðun, svipbrigðum.

D1: Skilningur á heilli efnisgrein.

14. Hvað verður um tröll og skepnur þeirra í sólarbirtu? (D1)

- Þau lenda í sjónum.
- Þau dagar uppi. *
- Þau verða að engu.

15. Hvað finnst bréfitara um húsin á eyjunni? (D1)

- Henni finnst að þau mætti laga.
- Henni finnst þau reisuleg.
- Þau eru öðruvísi en hún á að venjast. *

D2: Lestur á milli lína, ályktanir.

16. Hvers vegna gættu tröllin ekki að sér? (D2)

- Þau voru í djúpum samræðum.
- Þau voru orðin þreytt.
- Þau voru önnur kafin. *

17. Til að verða riddarar urðu menn að __?__. (D2)

- hafa ferðast til fjarlægra landa
- standa fastir á rétti sínum
- uppfylla ákveðin skilyrði *
- vera konungi trúir

D3: Túlkun á atburðum, hegðun, svipbrigðum, persónu.

18. Hvers vegna átti að kalla á lögregluna? (D3)

- Til að handsama ljónið. *
- Til að róa hrædda áhorfendurna.
- Til að stjórna umferðinni frá sirkusnum.

19. Hvað þráir stúlkan helst? (D3)

- Að eignast nýjar vinkonur.
- Að endurheimta sitt gamla líf. *
- Að losna við bróður sinn.

D4: Lestur í tilfinningar.

20. Hvað má lesa úr viðbrögðum Grímu við hugmynd köngulóarinnar? (D4)

- Að Gríma sé lítið fyrir að þrifa. *
- Að Gríma skammist sín fyrir þriffin.
- Að Gríma ætlaði að fara að taka til.

21. Þegar afi kveikti ljósið varð þjófurinn __?__. (D4)

- kvíðinn
- skelkaður *
- undrandi
- vonsvikinn

Heildarskilningur: Spurningar byggja á heildarskilningi á texta.

Y1: Grunnur heildarskilningur, spurt beint, lítil ályktun.

22. Um hvað er sagan? (Y1)

- Hún er um ljón sem strýkur úr sirkus. *
- Hún er um sirkussýningu ljóna.
- Hún er um örvæntingarfulla áhorfendur.

23. Textinn fjallar um __?__. (Y1)

- átök á miðöldum
- líf og störf í klaustrum
- menntun fyrirfólks *
- vopnaburð á miðöldum

Y2: Djúpur heildarskilningur, boðskapur, áhrif á framvindu.

24. Til hvers er textinn skrifaður? (Y2)

- Til að fræða lesendur. *
- Til að sanna gott verklag.
- Til að skemmta lesendum.

25. Hvernig endar sagan? (Y2)

- Þjófurinn fékk færi á að bæta ráð sitt. *
- Þjófurinn fékk refsingu við hæfi.
- Þjófurinn reyndi að breiða yfir brot sitt.
- Þjófurinn þurfti að bæta skaðann.

Y3: Djúpur heildarskilningur, söguþráður, meginefni, inntak, framvinda, áhrifavaldar.

26. Hvaða málsháttur á best við söguna? (Y3)

- Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi.
- Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott. *
- Margur verður af aurum api.
- Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.

27. Hvað á best við um atburðinn á fjallsbrúninni? (Y3)

- Hurð skellur nærri hælum.
- Vera með hjartað í buxunum. *
- Það hallar undir fæti.